

**Nd.**

**460. Frumvarp til laga**

[241. mál]

um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfarar kaup alþingismanna.

Flm.: Gylfi P. Gíslason, Ellert B. Schram.

**1. gr.**

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Launakjör alþingismanna, að meðtöldum húsnæðiskostnaði, dvalarkostnaði og ferðakostnaði, skulu ákveðin af Kjaradómi, að fengnum tillögum þingfarar kaupsnefndar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 57 1971, um breyting á lögum nr. 4 6. mars 1964, um þingfarar kaup alþingismanna.

**Greinargerð.**

Í gildandi lögum um þingfarar kaup alþingismanna segir svo í 1. gr.:

„Alþingismaður nýtur launa samkv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins, og greiðist  $\frac{1}{12}$  hluti árslauna mánaðarlega. Launin greiðast frá byrjun næsta mánaðar eftir kjördag og til loka þess mánaðar, er kjörtímabili lýkur.

Varamaður nýtur þingfarar kaups þann tíma, er hann situr á þingi.

Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, á rétt á þingfarar kaupi og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda sem alþingismaðni eru ákveðin í lögum þessum.“

Þá segir í 3. gr.:

„Alþingismaður, sem um þingtímann verður að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd vegna fjarlægðar frá heimili sínu, á rétt á að fá greiddan eftir reikningi kostnað við hæfilegt húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir. Þingfarar kaupsnefnd getur ákveðið hámark húsnæðiskostnaðar. Þingmaður utan Reykjavíkur eða nágrennis, er býr í eigin húsnæði, fær þó greiddan húsnæðiskostnað eftir mati.“

Í 4. gr. segir:

„Þingfarar kaupsnefnd ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur.

Ákvæði 1. málsg. gilda þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir.“

Í 5. gr. segir:

„Alþingismaður fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Þingfarar kaupsnefnd ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina misháa eftir kjördæmum. Landskjörinn þingmaður fær sama ferðakostnað og þingmaður í því kjördæmi, þar sem hann var í framboði.

Ákvæði 1. málsg. taka ekki til varapingsmanns og ráðherra.“

Í 6. gr. segir:

„Alþingismaður, sem er ekki búsettur í Reykjavík eða grennd, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað til þings og heim af þingi í þingbyrjun og þinglok. Sama gildir um ferðir í þinghléi eða fundarhléi um hátíðar og um ferðir varanna til þings og heim af þingi.

Enn fremur fær þingmaður á hverju reglulegu þingi á sama hátt endurgreiddan kostnað við ferðir á öðrum tímum en í 1. málsg. greinir, ef þær eru nauðsynlegar og þingmaður hefur fengið fararleyfi.“

Í 8. gr. segir:

„Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þingfarar-  
kaupsnefnd heimilt að hækka eða lækka árslaun skv. 1. gr. að sama skapi.“

Þá segir í 9. gr.:

„Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 7 manna nefnd,  
þingfararakaupsnefnd, er úrskurðar þingfararakaupsreikninga alþingismanna, en for-  
setar ávísi fjárhæðunum úr ríkissjóði.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararakaupsnefndar samkvæmt lög-  
um þessum, getur hann skotið honum til forseta Alþingis, sem fella endanlegan  
úrskurð um ágreiningsatriðin.“

Samkvæmt þessum lagaákvæðum hefur þingfararakaupsnefnd úrslitavald að því  
er snertir launakjör alþingismanna, að meðtöldum húsnæðiskostnaði, dvalarkostn-  
aði og ferðakostnaði. Flm. þessa frumvarps telja eðlilegra, að kjaradómi verði falið  
þetta ákvörðunarvald, enda úrskurðar hann um laun ráðherra og hæstaréttardóm-  
ara.